

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 31. mars 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018,
íbúðarsvæði við Baldurshaga.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að um 5000 m² óbyggt svæði milli Þórunnarstrætis og Mylluklappar breytist í íbúðarsvæði. Þar verður heimilt að reisa allt að 7 hæða hús með allt að 40 íbúðum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. maí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014,
íbúðarsvæði við Miðdal, Heiðardal og Leirdal.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014 frá 16. nóvember 1994.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði við Miðdal stækkar til austurs sem nemur einni húsagötu, íbúðarsvæði við Leirdal stækkar um þrjár lóðir auk þess sem göngustígur austan núverandi íbúðarbyggðar færast austar í samræmi við breytingarnar. Á svæðinu sem breytingin tekur til er gert ráð fyrir einbýlis-, par- og raðhúsum á einni hæð, alls 18 íbúðum.